

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 106/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2006 frá 7. júlí 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/13/EB frá 3. febrúar 2006 um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í fóðri, að því er varðar díoxín og PCB-efni sem líkjast díoxíni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 249/2006 frá 13. febrúar 2006 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999, (EB) nr. 937/2001, (EB) nr. 1852/2003 og (EB) nr. 1463/2004 að því er varðar skilmála leyfa fyrir tilteknum aukefnum í fóðri í flokknum hnís la lyf og önnur lyf ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006 frá 14. febrúar 2006 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekinna aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999):
„– **32006 R 0249**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 249/2006 frá 13. febrúar 2006 (Stjtíð. ESB L 42, 14.2.2006, bls. 22).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 1u (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 937/2001), lið 1zr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2003) og lið 1zzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1463/2004):
„, eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 44.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 42, 14.2.2006, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 44, 15.2.2006, bls. 3.

- **32006 R 0249**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 249/2006 frá 13. febrúar 2006 (Stjtíð. ESB L 42, 14.2.2006, bls. 22).“
- 3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zss (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005):
 - „1zzt. **32006 R 0252**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006 frá 14. febrúar 2006 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fódri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekinna aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 44, 15.2.2006, bls. 3).“
- 4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB):
 - „– **32006 R 0013**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/13/EB frá 3. febrúar 2006 (Stjtíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 249/2006 og 252/2006 og tilskipunar 2006/13/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.